

Aðalfundur UMFN, haldinn þann 10. apríl 2014 kl. 19:30 í Njarðvíkurskóla

Mættir voru: Anna Andrésdóttir, Ágústa Guðmarsdóttir, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Ólafur Eyjólfsson, Sigríður Ragnarsdóttir og Þórunn Friðriksdóttir úr aðalstjórn UMFN og um 60 aðrir gestir.

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur

Kosning fundarstjóra

Kosning fundarritara

2. Fundargerð síðasta aðalfundar

3. Skýrsla formanns og ársreikningar

Skýrsla stjórnar

Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2013

4. heiðursviðurkenningar

5. Ávörp gesta

6. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

Kosinn formaður

Kosinn einn stjórnarmaður til eins árs

Kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára

Kosnir tveir varamenn

Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga

7. Önnur mál

1. Tónlistaratriði, Marta Alda Pitak spilaði á fiðlu við undirleik Kristjáns Karls Bragasonar kennara síns úr Tónlistarskóla Reykjanesbæjar.

Þórunn formaður setur fundinn og býður gesti velkomna. Hún leggur til að Böðvar Jónsson verði fundarstjóri og er það samþykkt af fundargestum. Böðvar tekur til máls og óskar fundargestum til hamingju með afmæli félagsins. Hann leggur til að Anna Andrésdóttir verði fundarritari og er það samþykkt af fundargestum.

2. Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram.
3. Þórunn Friðriksdóttir formaður les skýrslu stjórnar.

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir féhirðir UMFN fer yfir ársreikning 2013.

Fundarstjóri býður gestum að taka til máls og spyrja varðandi skýrslu stjórnar eða ársreikning.

Það kom fram athugasemd um að það væri erfitt að spyrja út í ársreikning félagsins þar sem að honum hefur ekki verið dreift til fundargesta. Fundarstjóri bauðst til að fresta fundi svo unnt væri að ljósrita ársreikning fyrir fundarmenn ef fram kæmu óskir um slíkt en ekki var óskað eftir því. Aðrar athugasemdir komu ekki fram og enginn óskaði eftir að taka til máls. Reikningarnir voru samþykktir af fundargestum, enginn greiddi atkvæði á móti en nokkrir sátu hjá.

4. Viðurkenningar.

Ólafur Thordersen kom upp til þess að afhenda Ólafsbikarinn en hann hlaut Agnar Már Gunnarsson fyrir mikið og gott starf fyrir félagið.

Þórunn Friðriksdóttir afhendi gullmerki UMFN með lárviðarsveig, en það er æðsta merki UMFN og geta aldrei fleiri en tíu manns verið handhafar merkisins hverju sinni. Einar Árni Jóhannsson hlaut merkið í dag.

Gullmerki UMFN hlutu:

Erlingur Rúnar Hannesson

Páll Kristinsson

Ragnar Halldór Ragnarsson

Sigmundur Már Herbertsson

Silfurmerki UMFN hlaut:

Snorri Jónas Snorrason

5. Helga G. Guðjónsdóttir formaður UMFÍ kom upp í pontu og óskaði félagsmönnum til hamingju með 70 ára afmæli félagsins. Hún talaði um áhugaverða skýrslu félagsins og hvað það væri gaman að sjá hversu vel gengur. Hún talaði um mikilvægi sjálfboðaliða og þakkaði fyrir vel unnin störf, sérstaka áherslu lagði hún á foreldrastarf og stjórnarstörf.

Hún sagði frá því að nú væri UMFÍ að vinna í stefnumótun félagsins og væru haldnir fundir víðsvegar um landið vegna þess. Hún sagði frá þeim landsmótum sem haldin verða á árinu og vonast til að þátttaka UMFN verði góð í ár eins og verið hefur hingað til.

Hún kynnti Evrópu unga fólksins en þar eru meðal annars í boði ýmsir styrkir fyrir ungt fólk. Hún hvatti félagsmenn til þess að sækja um styrki í hina ýmsu sjóði UMFÍ.

Hún nefndi lottó-tekjurnar og mikilvægi þess að við stöndum vörð um þau fyrirtæki sem

standa að lottó-sjóðnum því það er stór og mikilvæg tekjulind fyrir ungmennafélög landsins.

Stjórn UMFÍ vill heiðra eftirtalda aðila með gullmerki UMFÍ:

Ólafur Thordersen

Friðrik Pétur Ragnarsson

Páll Kristinsson

Starfsmerki UMFÍ hlutu:

Thor Hallgrímsson

Andrés Þórarinn Eyjólfsson

Helga hvatti viðurkenningarhafa til að halda áfram því góða starfi sem þeir hafa unnið hingað til. Hún lagði áherslu á að félagsmenn eigi að tala upp sitt starf og láta ekki deigan síga. Ungmennafélögin eru einn af máttarstólpum þjóðfélags, félagsmenn eiga að halda áfram að vinna sín góðu störf og leggja sérstaka áherslu á að passa upp á börn og unglinga sem ekki stunda íþróttir sem afreksfólk heldur bara til þess að vera með og taka þátt á sínum forsendum.

Hún hvatti fundargesti til að líta björtum augum á framtíðina að lokum óskaði hún félagsmönnum góðs gengis í framtíðinni og afhenti félaginu afmælisgjöf frá UMFÍ.

Jóhann B. Magnússon formaður ÍRB tekur til máls. Hefur gaman að því að koma á aðalfundi UMFN því þar er mikið gert úr starfi sjálfbóðaliðanna. Hann talaði um hvað það væri gaman að sjá hvað sjálfbóðaliðar leggja sig fram að lífi og sál. Njarðvík er fyrirmyndarfélag með sex deildir, og hefur verið mikil velta á síðustu árum hjá félaginu. Njarðvík var eitt af fyrstu félögunum til að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ og þegar ný deild kom inn í félagið (Júdó) leið ekki á löngu þar til þau voru komin með viðurkenningu sem fyrirmyndarfélag. Nú geta deildir þar sem fullorðnir taka þátt líka sótt um að verða fyrirmyndarfélag og hvatti hann til þess að sótt væri um það. Allar deildir félagsins skiluðu hagnaði sem er mjög gott. Hann talaði um að hefðu verið áhyggjur í hruninu varðandi rekstur íþróttafélaga en með samstilltu átaki hefur gengið vel hjá UMFN. Hann afhenti að lokum félaginu hornstein að gjöf, en UMFN er einn af hornsteinum ÍRB.

Kristján Pálsson fyrrverandi formaður UMFN tekur til máls. Hann óskar félagsmönnum til hamingju með afmæli félagsins. Kristján talaði um að saga félagsins væri mjög merkileg og mikill heiður væri að vera formaður í svona félagi. Hann afhenti félaginu gjöf frá sér og Einari Jónssyni, áritaðan körfubolta frá Íslandsmeisturum UMFN árið 2006.

Böðvar Jónsson flutti kveðju frá íþrótt- og tómsfundarfulltrúa Reykjanesbæjar, Stefáni Bjarkasyni en hann er staddur erlendis og gat því ekki verið viðstaddur fundinn. Hann sagði einnig frá því að íþrótt- og tómsfundaráð Reykjanesbæjar hefði ákveðið í gær að veita styrki til innra starfs íþróttafélaga í Reykjanesbæ, þó með þeim fyrirvara að það verði samþykkt í bæjarstjórn. Fjárhæð sem áætluð væri til deilda innan UMFN væri á 6 milljón króna.

6. Ólafur Eyjólfsson hefur boðið sig fram sem formaður UMFN og er hann kosinn samhljóða.

Eftirtaldir eru í framboði til stjórnar:

Thor Hallgrímsson til eins árs

Gunnar Örn Gunnarsson til eins árs

Hermann Jakobsson til tveggja ára

Anna Andrésdóttir til tveggja ára

Þar sem aðeins á að kjósa einn stjórnarmann til eins árs var gengið til kosninga á milli Thors og Gunnars og var það gert með leynilegri kosningu. Atkvæðin skiptust þannig á milli þeirra: Thor hlaut 43 atkvæði og Gunnar 22 atkvæði. Thor er þar með kjörin í stjórnina til eins árs.

Hermann og Anna voru kosin samhljóða af fundargestum í stjórn UMFN til næstu tveggja ára.

Eftirtaldar eru í framboði til varastjórnar:

Ágústa Guðmarsdóttir

Sigríður Ragnarsdóttir

Þær voru báðar kosnar samhljóða af fundargestum.

Valþór Söring og Ingigerður Sæmundsdóttir voru kosnir skoðunarmenn reikninga.

7. Þórunn Friðriksdóttir kemur fram fyrir hönd stjórnar og gefur félaginu málverk eftir Hrein Guðmundsson.

Sigríður Ragnarsdóttir kemur upp fyrir hönd stjórnar og afhendir bæði fráfarandi formandi og nýkjörnum formanni blómvendi með þökk fyrir gott starf.

Ólafur Eyjólfsson þakkar traustið sem honum er veitt sem nýkjörnum formanni félagsins. Félagið er vel rekið félag og verður vonandi engin breyting á því á næstunni. Fjármál deilda hafa mikið verið á borði aðalstjórnar undanfarið og hefur það borið góðan árangur, hann vildi þakka deildum fyrir gott starf.

Friðjón Einarsson kom í pontu, hann flutti kveðju frá Golfklúbbi Suðurnesja. GS heldur upp á 50 ára afmæli síns félags í ár. Hann óskaði félagsmönnum til hamingju með afmælið.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 20:52.